

**Samþykktir  
fyrir hlutafélagið**

**HAGAR HF.**

**1. gr. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.**

- 1.1 Heiti félagsins er Hagar hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimili félagsins er að Hagasmára 1, Kópavogi.
- 1.4 Tilgangur félagsins er verslunarrekstur, eignaumsýsla, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfsssemi, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur.

**2. gr. Hlutafé félagsins.**

*Hlutafé - hlutir*

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 1.171.502.190. – einn milljarður eitt hundrað sjötíu og ein milljón fimm hundruð og tvö þúsund eitt hundrað og níu tíu krónur - að nafnverði og skiptist í jafn marga hluti að nafnverði 1 króna hver.

*Aukning hlutafjár - forgangsréttur*

- 2.2 Hluthafafundur einn getur samþykkt hækkun hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Með sama hætti getur hluthafafundur ákveðið lækkun hlutafjár.
- 2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga.
- 2.4 Nú óskar einhver hluthafa ekki eftir að nýta forgangsrétt og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

*Hlutabréf - hlutaskrá*

- 2.5 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 2.6 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.

2.7 Hlutaskráin skal vera geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

2.8 Hlutaskráin, samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í féluginu. Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

#### *Sala hluta og eigendaskipti*

2.9 Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í féluginu. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

#### *Bann við lánveitingu*

2.10 Féluginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í féluginu. Féluginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

#### *Réttindi og skyldur hluthafa*

2.11 Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í féluginu og eigi heldur sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í féluginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi.

2.12 Engin sérréttindi fylgja hlutum í féluginu.

#### *Samskipti við hluthafa*

2.13 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að senda skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum á pappír. Sé heimildin nýtt skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

### **3. gr. Hluthafafundir.**

3.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og lög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### *Réttur til þáttöku*

- 3.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Hluthöfum er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álíts þeirra og aðstoðar.

### *Rafræn þátttaka og rafrænir hluthafafundir*

- 3.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þáttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 3.4 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 3.5 Telji stjórn gerlegt að halda fundinn að hluta eða að öllu leyti rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þáttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni þáttöku sína og hvar þeir nálgist leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þáttöku í fundinum og aðrar upplýsingar. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þáttöku hans í hluthafafundinum.

### *Atkvæðagreiðsla utan fundar*

- 3.6 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þáttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega eða rafrænt. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar og skal geta í fundarboði hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd með skýrum og nákvæmum hætti.

### *Umboð*

- 3.7 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.
- 3.8 Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

### *Lögmæti hluthafafundar*

- 3.9 Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

### *Staðsetning hluthafafundar*

- 3.10 Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.

### *Boðun hluthafafunda*

- 3.11 Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 3.12 Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun. Einnig skal félagsstjórn annast boðun hluthafafundar innan 14 daga frá því að krafa um það berst með sannanlegum hætti, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárlins, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefnii.
- 3.13 Í fundarboði skal a.m.k. greina:
1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá (fundarefni).
  2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
  3. Hvar og hvernig nálgast megi:
    - a. Óstytt skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
    - b. Óstyttar ályktunartillögur eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærri stofnun í félagini að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.
    - c. Óstyttar ályktunartillögur hluthafa sem félagið hefur mótttekið.
  4. Veffang þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar skulu hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.

- 3.14 Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginnefni tillögunnar í fundarboði.
- 3.15 Til hluthafafundar skal boða með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Notaðir skulu traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt skal boðað til hlutahafafunda með auglýsingi í innlendum fjölmíðlum.

### *Aðalfundur*

- 3.16 Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan 4 mánaða frá lokum hvers reikningsárs.
- 3.17 Aðalfund skal boða með sama hætti og aðra hluthafafundi.

### *Dagskrá aðalfundar*

- 3.18 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsárá.
  2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsárá, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal lagður fram til samþykktar.
  3. Ákvörðun skal tekin um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu.
  4. Breytingar á samþykktum.
  5. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna.
  6. Tillögur félagsstjórnar um starfskjara stefnu.
  7. Stjórn félagsins skal kjörin, sem og endurskoðandi.
  8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
  9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

- 3.19 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í lið 2 og 3 til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### *Tillögur frá hluthöfum*

- 3.20 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Ef um aðalfund er að ræða skal kröfu fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfuna má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Stjórnin skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfundinn upplýsa hlutahafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá aðalfundarins, t.d. á vef félagsins.

#### *Dagskrá*

- 3.21 Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, í móðurfélagi einnig samstæðureikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjærastefnu, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags auk vefsíðu og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

#### *Breytingartillögur*

- 3.22 Löglega frambornar breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

#### *Mál sem ekki eru á dagskrá*

- 3.23 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Boða má til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

#### *Fundarstjóri*

- 3.24 Hluthafafundi stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

#### *Fundargerðabók*

- 3.25 Fundarritari skal halda fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri getur einnig óskað eftir heimild hluthafafundar til

fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

- 3.26 Hluthafar skulu eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á vefsíðu félagsins eða skrifstofu þess innan fjórtán daga eftir hluthafafund. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

*Atkvæðavægi*

- 3.27 Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í féluginu.
- 3.28 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í féluginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

**4. gr. Stjórn félagsins.**

- 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.
- 4.2 Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðunandi lögbundin kynjahlutföll í stjórnarkjöri skal sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru af því kyni sem hærra hlutfall er af í stjórnarkjörinu víkja fyrir þeim einstaklingi eða einstaklingum sem eru af því kyni sem lægra hlutfall er af í stjórnarkjörinu. Skal við ákvörðun um hvaða einstaklingur eða einstaklingar taki sæti í stjórn í stað þeirra, sem víkja þurfa vegna kynferðis, taka mið af atkvæðamagni í stjórnarkjörinu. Hafi ekki nægilega margir af því kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

*Framboð*

- 4.3 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.
- 4.4 Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í féluginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í féluginu.
- 4.5 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan hins tiltekna frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 4.6 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

### *Stjórnarkjör*

- 4.7 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
- 4.8 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 4.9 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins með sannanlegum hætti minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.
- 4.10 Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

### *Verkaskipting stjórnar*

- 4.11 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

### *Boðun stjórnarfunda*

- 4.12 Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Skal hann sjá til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf eða einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefst þess.

### *Lögmæti stjórnarfunda*

- 4.13 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur.

### *Atkvæðagreiðslur*

- 4.14 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða.

### *Fundargerðabók*

- 4.15 Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

### *Markmið og skyldur*

- 4.16 Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Hún skal annast um og hafa eftirlit með að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 4.17 Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 4.18 Stjórnin ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

- 4.19 Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.
- 4.20 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveða á um framkvæmd starfa hennar.

## **5. gr. Forstjóri.**

- 5.1 Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér m.a. um að reikningsskil félagsins séu færð í samræmi við lög, ráðningu starfsfólks og eftirlit með eignum félagsins. Stjórn félagsins getur sett forstjóra nánari starfsreglur.
- 5.2 Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## **6. gr. Reikningshald og endurskoðun**

- 6.1 Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðanda, sem skal vera endurskoðunarfélag, til eins árs í senn.
- 6.2 Reikningsár félagsins er frá 1. mars til síðasta dags febrúar ár hvert. Skal gerð ársreikninga lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir endurskoðanda.

## **7. gr. Eigin hlutir**

Féluginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slíka heimild má ákveða með einföldum meiri hluta atkvæða hluthafafundar. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé, sem í gildi kann að vera á hverjum tíma, skal tiltekin í þessari grein samþykktanna, með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður. Heimild til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.

*Aðalfundur Haga hf. þann 4. júní 2015 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í féluginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í féluginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölu. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlöögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.*

## **8. gr. Breytingar á samþykktum félagsins.**

- 8.1 Samþykktum félagsins, umfram það sem hlutafélagalög leyfa, verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi. Ákvörðun um breytingar á samþykktum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

- 8.2 Við ákvörðun hluthafafundar um að hluthafafundur verði einungis haldinn rafrænt (sbr. 2. mgr. 80. gr. a hlutafélagalaga) og ákvörðun hluthafafundar um notkun rafrænna samskipta milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda og leggja fram skjöl rituð á pappír (sbr. 3. mgr. 80. gr. b hlutafélagalaga) er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykkta að hluthafar, sem ráða yfir  $\frac{1}{4}$  hlutafjárlins, greiði ekki atkvæði gegn tillögunni.
- 8.3 Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um þær breytingar á samþykktum félagsins sem fjallað er um í 1. mgr. 94. gr. hlutafélagalaga verði gildar.
- 8.4 Ákvörðun um breytingu á samþykktum félagsins, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. 94. gr. hlutafélagalaga eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

### **9. gr. Slit á féluginu.**

Um slit á féluginu gilda ákvæði XIII. kafla hlutafélagalaga.

### **10. gr. Samruni og skipting.**

Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu þess í fleiri félög fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

### **11. gr. Önnur ákvæði.**

Þar sem ákvæði samþykktta þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt, sbr. sérstaklega VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, og lög um ársreikninga, nr. 3/2006.

Pannig samþykkt á aðalfundi Haga hf. hinn 7. júní 2013 og koma samþykktir þessar í stað eldri samþykktta félagsins. Á aðalfundi 5. júní 2014 var hlutafé félagsins lækkað. Á aðalfundi 4. júní 2015 var bætt við grein 7 að heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skuli tiltekin í samþykktum hverju sinni með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður og skuli aðeins vera til átján mánaða í senn.

Kópavogi, 4. júní 2015

Fyrir hönd Haga hf.

Finnur Árnason